

AUGLÝSING

um deiliskipulag á Grundum við Hólsá í Bolungarvíkurkaupstað.

Á fundi bæjarstjórnar Bolungarvíkurkaupstaðar 28. janúar 2010 var samþykkt deiliskipulag á Grundum við Hólsá í Bolungarvík.

Deiliskipulagið nær til svæðisins sem afmarkast af Hólsá, höfninni, „Kirkjuvegi“ og Þuríðarbraut. Skilgreindar eru 12 nýbyggingalóðir. Skipulagið gerir ráð fyrir að núverandi hús á Hólsvegi 6, 7 og Grundarstíg 3 standi og gera má minniháttar breytingar á húsum á deiliskipulagsreitnum. Hæsta leyfilega hæð nýbyggingar verður 7,5 metrar, frá þakbrún að götu.

Deiliskipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 mæla fyrir um.

Jafnframt fellur úr gildi áður samþykkt deiliskipulag af sama svæði frá 5. október 1995. Skipulagið öðlast þegar gildi.

Bolungarvík, 26. mars 2010.

Jóhann B. Helgason,
sviðsstjóri framkvæmda og rekstrarsviðs.

B-deild – Útgáfud.: 16. apríl 2010